

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 15.000. Þeir eigendur katta sem skrá ketti sína hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja innan 3 mánaða frá dagsetningu þessarar samþykktar greiða kr. 10.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum með vísan í samþykkt um kattahald á Suðurnesjum nr. 395/2004 frá 28. apríl 2004, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Suðurnesjum, 10. maí 2004.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Sultartangalína 3 og Brennimelslína 1, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3 (SU3), sem liggur um mörg sveitarfélög milli tengivirkis í Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að tengivirki á Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Línan kemur inn á skipulagssvæðið við Sesseljuhrygg, liggur niður Kúhalladal og um Ferstikluháls, Saurbæjarháls, Brennifell, Svarf-hólsháls og niður Seldal að Brennimel. Jafnframt eru gerðar breytingar á Brennimelslínu 1 frá Ferstiklu að Brennimel, þannig að línan verður endurbyggð sem 400 kV lína og mun liggja um 50 m sunnan við og samsíða SU3. Á breytingarupprætti eru einnig gerðar lagfæringar á legu Brennimelslínu 1 og Sultartangalínu 1 þar sem ónákvæmni gætti í framsetningu þeirra í gildandi svæðisskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.